

Orkuveita Reykjavíkur
Ingólfur Hrólfsón
Suðurlandsbraut 34
108 Reykjavík

2001090038
8717; 9310

Reykjavík, 15. október 2001
/--

Efni: Gerð vegslóða að rannsóknarholu á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um mats skyldu.

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur dags. 17. september 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um lagningu vegslóða að rannsóknarholu á Hellisheiði til ákvörðunar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b. í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 5. október 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. október 2001. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 11. október 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð er lagning nýs vegslóða frá fyrirliggjandi slóða sunnan þjóðveg nr. 1 á Hellisheiði gegnt Stóra-Reykjafelli að borstæði þar sem fyrirhuguð er borun 100-150 m djúprar rannsóknarholu. Tilgangur með borun rannsóknarholunnar er að kanna grunnvatnsstreymi í berglögum á rannsóknasvæði Orkuveitu Reykjavíkur og er framkvæmdin hluti af undirbúningsrannsóknnum sem nú fara fram á Hellisheiði í þeim tilgangi að kanna möguleika á jarðvarmavinnslu á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að við val á borstað vegna grunnvatnsrannsóknanna hafi verið tekið mið af aðkomu og áhrifum framkvæmda á umhverfið, þó með þeim hætti að sem ítarlegastar upplýsingar fengjust um grunnvatn á svæðinu. Fram kemur að svæðið, sem sé í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, sé innan

lögsagnarmarkað Sveitarfélagsins Ölfuss og að framkvæmdaraðili hafi rannsóknarleyfi iðnaðarráðuneytisins til 15 ára á Hengilssvæðinu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan þess svæðis sem rannsóknarleyfið taki til.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila verður lagður tæplega 400 m langur, nýr vegslóði 3-4 m á breidd og um 30 cm á þykkt til austurs frá núverandi veglóða sem liggur til suðurs frá Þjóðvegi 1 meðfram gígaröð sem kallast Lakagígur. Með því að vanda val vegstæðisins muni ekki þurfa að ryðja nýja slóða með jarðýtu. Reiknað er með því að styrkja þurfi og lagfæra núverandi vegslóða. Útbúið verður um 100 m² borstæði við enda nýja vegslóðans. Heildarefnispörf vegna framkvæmdanna verður um 500 m³ og verður efnið sótt í opnar námur Orkuveitu Reykjavíkur á Hellsheiði. Lögð verður áhersla á að vanda til efnistöku og frágang náma að henni lokinni.

Fram kemur að vegslóðinn og borstæðið séu á mosagrónu eldhrauni sem séu jarðmyndanir sem njóti verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Reynt verði að velja vegslóðanum stæði þannig að hann falli sem best að umhverfinu. Búið sé við því að vegslóði og borstæði muni hafa lítil áhrif á gróðurfar verði þeim valinn staður með þeim hætti að lágmarka áhrif á gróður. Áætlað sé að borun rannsóknarholunnar taki í mesta lagi 15 daga og að borun lokinni verði borstæðið snyrt og allt efni frá borframkvæmdinni fjarlæggt. Ummerki sem eftir verði séu holan sjálf, borstæðið og vegslóðinn. Ekki verði um neina fráveitu frá holunni að ræða.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram það álit að lagning nýs vegslóða að rannsóknarholu skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að umrætt svæði sé vinsælt til útivistar, einkum að vetrarlagi sem gönguskíðaland. Í gegnum tíðina hafi átt sér stað nokkur röskun á svæðinu, einkum vegna námuvinnslu við núverandi vegslóða. Efnistökuastaðir virðast óskipulagðir og séu lýti á fögru umhverfi. Austan við núverandi vegslóða sé landið hins vegar tiltölulega óraskað og á þeim stað sem fyrirhugað sé að leggja nýja slóðann myndi mosagróid hraunið fallega heild. Gróðurinn á svæðinu sé viðkvæmur en þó megi telja að hann sé ekki einstakur. Með bætum vegslóða út í hraunið sunnan Þjóðvegur muni aðgengi fólks inn á svæðið batna. Þannig megi búast við aukinni umferð vélknúinna ökutækja um svæðið og hætta sé á að rask á svæðinu aukist með akstri utan vega, t.d. við ófrágengnar námur. Náttúruvernd ríkisins telur ljóst hver umhverfisáhrif lagningar vegslóða að fyrirhugaðri rannsóknarholu á Hellsheiði muni verða og ólíklegt sé að í mati á umhverfisáhrifum verði lögð fram gögn sem varpi nýju ljósi á hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Náttúruvernd ríkisins bendir á að fyrirhugað veglagning muni hafa í för með sér varanleg áhrif og verulegar breytingar á ásynð lands. Einnig bendir stofnunin á að ekki hafi verið tekin ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins en það sé nú fyrst og fremst nýtt til útivistar, einkum að vetri til. Fram kemur að Náttúruvernd ríkisins leggist fyrir sitt leyti gegn umræddri vegslóðagerð vegna þess fordæmisgildis sem lagning hans hefði í för með sér. Stofnunin telji að leitast ætti við að hlífa þeim fáu svæðum sem eftir séu ósnortin á Hellsheiði og leita allra leiða til að koma í veg fyrir

lagningu nýrra slóða, t.d. með því að kanna hvort ekki sé möguleiki á að koma bornum á borstæðið á snjó þegar jörð sé frosin.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við borun rannsóknarhola tengdum grunnvatnsrannsóknnum á Hellisheiði hafi borstæðum verið valinn staður sem næst núverandi slóðum með það að leiðarljósi að forðast óþarfa rask, en þó þannig að nauðsynlegar upplýsingar fáiast um grunnvatnsstreymi á svæðinu út frá borunum. Vegna þessa sé talið mikilvægt að bora holu á þessum stað. Fram kemur að framkvæmdaraðili sé reiðubúinn að ganga þannig frá borstæði að þar verði hægt að snúa við ökutækjum til að draga úr hættu á akstri á óröskuðu landi. Jarðbor, sem nota þurfi til verksins, sé ekki hægt að koma á borstæðið með öðrum hætti en greint hafi verið frá, þ.e. að núverandi vegslóði verði lagfærður og gerður nýr vegslóði frá honum yfir hraunið að borstæðinu. Einnig sé þörf á vegslóðanum vegna flutninga aðfanga og hjálpargagna tengdum borunum. Orkuveita Reykjavíkur leggi áherslu á að gengið verði eins vel og kostur sé um framkvæmdasvæðið og skilið vel við þá staði þar sem framkvæmdir eigi sér stað.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu nýs tæplega 400 m langs vegslóða að borstæði rannsóknarholu á Hellisheiði í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er fyrirhuguð í hrauni sem runnið hefur á nútíma og sem er landslagsgerð sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Svæðið ber nokkur merki röskunar þar sem fyrir er gamall vegslóði að aflagðri námu. Lagning nýs vegslóða mun engu að síður valda raski á ósnortnu hraunsvæði fyrir austan núverandi vegslóða. Skipulagsstofnun telur að halda megri raski og sjónrænum áhrifum í lágmarki með því að vanda val vegstæðisins og einskorða allt rask við það eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Umfangsmiklar framkvæmdir hafa átt sér stað og eru fyrirhugaðar á Hellisheiði, svæði sem er m.a. vinsælt útivistarsvæði. Skipulagsstofnun telur að marka þurfi hið fyrsta heildarstefnu um landnotkun innan marka Sveitarfélagsins Ölfuss á Hellisheiði og mun stofnunin koma þeim tilmælum til sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegslóða að rannsóknarholu á Hellisheiði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun verkur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu og þarf sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfísráðherra. Kærufrestur er til 14. nóvember 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfísráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Náttúruvernd ríkisins og VGK, verkfræðistofa.